

um frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá Ed., hefur verið rætt í nefndinni á nokkrum fundum og athugaðar þær umsagnir, sem bárust til sjútvn. Ed., áður en málið var afgreitt þaðan.

Veigamiklar mótbárur voru bornar fram gegn frv. frá Skipstjórafélagi Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum, en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælti með samþykkt frv. án breytinga.

Síðan hafa enn horizt mótmæli gegn frv., svo sem frá aðalfundi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, Slysavarnafélagi Íslands og frá sjö siglingafræðikennurum við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Munnleg mótmæli voru borin fram af stjórnarmönnum úr Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Bylgjunni á Ísafirði. Þá var rætt við forstöðumann lögskráningar-skrifstofunnar í Reykjavík.

Í mótmælum þessum virðist höfuðáherzlan vera lögð á, að um mikla afturför sé að ræða, vegna þess að skv. frv. þarf ekki að hafa stýrimann á landrórarbátum undir 60 rúmlestum að stærð í stað 30 rúmlesta skv. gildandi lögum, enn fremur, að varasamt sé að stytta siglingatímann (undirbúningstímann), sem þarf til þess að öðlast réttindi bæði sem skipstjóri og stýrimaður, svo og að ná þessum siglingatíma frá lægra aldri en áður hefur gilt, eða 15 ára skv. frv. í stað 16 ára skv. gildandi lögum.

Sjávarútvegsnefnd Ed. var sammála um, að óvarlegt væri að stytta siglingatímann, sem þarf til þess að öðlast tiltekin réttindi, jafnframt því sem aldurstakmarkið, sem hann er talinn frá, er lækkað. Fór hún þá millileið að halda siglingatímanum óbreyttum, en féllst á nýmælið að telja hann frá 15 ára aldri.

Ekki er annað að sjá en að aðilar þeir, sem mótmælt hafa þessum atriðum, hafi ekki vitað um þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík vorið 1966 og þetta frv. er beint framhald af. Með breytingunum var námið stórlega lengt. Lengri skólanámstími hefur fyrst og fremst verið notaður til að auka þekkingu nemenda á helztu raf- og radiótækjum, sem notuð eru í skipum við fiskveiðar og siglingar. Ekkert hefur verið dregið úr kennslu í sjómennsku, en hún frekar aukin.

Með hliðsjón af þessu telur sjávarútvegsnefnd Nd., að eðlilegt verði að teljast, að siglingatíminn sé styttr.

Nefndin er sammála því, að aldurstakmark það, sem siglingatíminn er talinn frá, sé lækkað, en leggur jafnframt til, að aldurstakmark þeirra, er stýrimannskirteini fá, sé hækkað um eitt ár.

Þá telur nefndin nauðsynlegt, að sett séu ákvæði um siglingatíma stýrimanna á verzlunarskipi í utanlandssiglingum, áður en þeir geta fengið skipstjóraskirteini á verzlunarskipi.

Enn fremur leggur nefndin til, að gildistími atvinnuskirteinis þeirra, sem lokið hafa farmannaprófi 2. stigs, verði lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar Ed. lagði til, að ákvæðum 21. gr. um undanþágu landrórarbáta allt að 60 rúmlestir frá því að hafa stýrimann yrði breytt í 30 rúmlestir. Þessi tillaga var felld í Ed.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar Nd. telur ekki rétt að slaka á ákvæðum gildandi laga í þessu efni, vegna öryggis skips og áhafnar, þótt um tímabundinn skort stýrimanna á báta af þessari stærð hafi verið að ræða. Leggur nefndin því til, að þessu ákvæði í frv. verði breytt. Einn nefndarmanna, SvJ, er andvígur þessu og skrifar því undir með fyrirvara. Aðrar breytingar eru smávægilegar. JSk áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1968.

Birgir Finnsson,
form.

Lúðvík Jósefsson.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr., með fyrirvara.

Björn Pálsson,
með fyrirvara.

Guðl. Gíslason.

Pétur Sigurðsson,
frsm.

Jón Skaftason,
með fyrirvara.